

## Ónæmiskerfi, ótti og ungvíði - skaðsemissjórnin

Forseti vor varaði oss við því í áramótaávarpi að ala ekki á ótta, því óttinn væri jarðvegur vondra sálarblóma. Það er skynsamlega mælt. Vonandi nær þessi góða speki eyrum ríkisstjórnar, löggæslu og sóttvarnaryfirvalda, sem rekið hafa látlausan hræðsluáróður um tveggja ára skeið um veiruvarnir.

Nú skal börnin reyna sem aldrei fyrr. Þau eru þegar skelfingu lostin, því vondir feður, afar, bræður og frændur, sitja um þau hvarvetna, og heimsendir er í nánd. Því er nú haldið að þeim, að þau séu hættulegir smitberar, sem þurfi að stinga í. Þeim er sagt, að bólusetning sé nauðsynleg, svo þau haldi heilsu og smiti ekki heimilisfólk sitt.

Mér er ekki kunnugt um þekkingu forseta vors á sálónæmisfræði (psychoimmunology), en í ávarpi sínu nefndi hann einn versta fjanda ónæmiskerfisins, óttann eða angistina. Fyrir um tuttugu árum síðan skrifaði ég eftirfarandi samantekt fyrir nemendur mína um algengar staðreyndir á því sviði:

„Sýnt hefur verið fram á með næsta óyggjandi hætti, að neikvæð streita dregur úr þrótti ónæmiskerfisins og þá sérstaklega “drápsfrumanna” eða NK-frumanna (“natural killer cells”). Í þessu sambandi skiptir það einnig máli, hvernig fólk er að öðru leyti sálarlega í stakk búið, hverjar eru reiður tilfinninga og lífstök.

Sýnt er fram á fylgni ónæmisfruma (mótefna) í munnvatni við prófstreitu og metnaðar um að standa sig. Borið hefur á góma, að geðsjúkdómar eins og t.a.m. geðklofi, kunni að einhverju leyti að skýrast af brestum í ónæmiskerfinu.

Hvað þunglyndi viðkemur, hefur verið unnt að sýna fram á fylgni við deyfðarlegt ónæmiskerfi, m.a. virðast drápsfrumur lattar til dáða. Eins má finna áþekka fylgni ónæmisfruma í munnvatni við geðbrigði hjá heilbrigðum.

Í rannsókn gerðri þegar árið 1977 komu skýrar vísbendingar um, að ónæmiskerfi þeirra, er missa maka sinn, þvarr styrkur. Átta vikum eftir missinn var viðbragðshæfni kerfisins í dróma eins og sjá mátti á skertri fjölgunar- og dreifingarferni tiltekinna hvíttra blóðkorna. Með slökun má hafa áhrif á “sóttkveikjuátið”, þ.e.a.s. þegar hvítar ónæmisfrumur tortíma veirum og gerlum.

Í heilbrigðu fólki er unnt að “hvetja drápsfrumurnar til dáða” með slökun og hugskoðun (“visualization”). Viðbragðsstaða ónæmisfrumanna (“monocyte” - ein tegund hvíttra blóðkorna) er háð geðbrigðum. Þegar fólk er miður sín, er viðbragðið deyfðarlegt, en aftur á móti stuðlar gleði og reiði að auknu lífi.

Líkur benda til, að hrifmiðlun (“modulation”) hugans við sársauka, kunni að hafa áhrif á ónæmis- og sýkingarsvörun. Unnt er að hamla óbeint gegn histamínsvörun við bólgur með þjálfun sársauka-skynsins.“

Við næstu áramót kynni forseti vor að hvetja landslýð til að gæla við ónæmiskerfið og hlúa að því á alla lund.

Áhrif einangrunar og örvunarskorts hafa verið kunn í öld eða svo. Nauðsyn innilegs og góðs örvunarumhverfis er öllum kunn. Sömuleiðis er öllum ljós mikilvægi góðra tengsla innan fjölskyldu og utan. Börn og unglingar eru sérstaklega móttækileg fyrir áróðri, félagslegum og andlegum

þrýstingi. Þau hafa ríka þörf fyrir viðurkenningu, að vera hóptæk. Því stafar þeim ógn af því að vera óðrúvísi en boðið er í hópnum. Þetta vita allir, sem vilja vita. Þó er ég ekki viss um, að sóttvarnaryfirvöld og ríkisstjórn beri nógu gott skynbragð á það.

Enn þá hafa ekki öll íslensk börn verið skylduð í tilraunalyfsbólusetningu, sem getur valdið þeim umtalsverðum og jafnvel óafturkræfum skaða. En það virðist liggja í loftinu. Heilbrigðisyfirvöld ætla sér að þukrast með bólusetningar barna í skóla. Yfirlýstur tilgangur er að aftra einelti, þ.e. að þeir óbólusettu verði fyrir aðkasti – alveg eins og hjá fullorðnum. Ríkisstjórn og heilbrigðisyfirvöldum getum við þakkað það viðhorf.

Neðanmáls er krækja á spjall þremmenninga, sem hafa forsendur til að tala vitrænt um málið; Kirk Milhoan er barnahjartalæknir, Mark McDonald er barnageðlæknir og Robert Malone er læknir, einn þeirra, sem áttu þátt í að móta tæknina, sem RNA bólusetningar grundvallast á.

Mark segir m.a.: „Viðbrögð stjórnvalda við veirunni hafa haft í för með sér algjört reiðarslag fyrir skjólstæðinga mína. Ég hef aldrei nokkru sinni fyrr orðið vitni að bráðaaukningu í angist, þunglyndi og sjálfsmeiðandi hátterni meðal sjúklinga minna eins og síðustu tvö árin. ... Ég hef aldrei lifað á móta röskun á andlegum og tilfinningalegum stöðugleika [þeirra]; undirmigu, fíkniefnaneyslu, sjúkrahúsinnlögnum og viðsjám innan fjölskyldna. Þetta eru algjörar hamfarir.“

Mark nefnir mörg dæmi um um skelfingar meðal barna og unglinga, beinar og óbeinar. T.d. gerir hann að umtalsefni ungann skjólstæðing sinn, Danny, sem var kvaddur upp að kennaraborði og beðinn um að segja frá því, sem hann gerði í gær. Það gerði pilturinn átta ára, kvaðst hafa farið í bólusetningu til að vernda bekkjarfélagi og fjölskyldu. Kennarinn bað því næst um, að honum yrði klappað lof í lófa. (Hins vegar átti það sér stað í Ástralíu, að drengir voru láttnir standa á fætur og bera fram sameiginlega afsökun á forréttindum sínum og kynfólsku.)

Mark getur einnig um nýgerða rannsókn á þroska barna, sem fæðst hafa, meðan á faraldrinum stendur. Hennar er einnig getið í „Breska læknatímaritinu“ (British Medical Journal - <https://www.bmj.com/content/374/bmj.n2031>)

Þar er niðurstaðan í stuttu máli sú, að umrædd ungabörn sýni verulega þroskaskerðingu; þ.e. skertan þroska á sviði greindar almennt, mál- og hreyfiproska. Svo er að leita skýringa, en eitt er áreiðanlegt, að ungabörn sjúga í sig ótta og streitu foreldra og umönnunaraðilja. Það gefur líka auga leið, að börn eiga í erfiðleikum með að tileinka sér samskiptareglur, boðskipti og tungumál meðal óttasleginna grímutrýna. Eðlileg þroskun miðtaugakerfis er háð örvun á þessum aldri.

Robert hefur áður sent eftirfarandi boðskap til foreldra: „Mig fýsir að kynna ykkur vísindalegar staðreyndir um þessa erfðabólusetningu (genetic vaccine), áður en þú lætur sprauta barnið þitt. Ákvörðunin er endanleg. [Hún] er grundvölluð á þeirri bólusetningartækni, sem ég uppgötvaði. ... [V]eiruarfbera verður sprautað inn í frumur líkama barnsins þíns. Þessi arfberi þvingar líkamann til að framleiða eittraðar broddhvítur (toxic spike proteins). Hvíturnar valda oft og tíðum óafturkræfum skaða á mikilvægum líffærum, þar á meðal; heila og miðtaugakerfi; hjarta og blóðæðum (þar með taldir blóðkekkir); æxlunarfærum og ónæmiskerfi. Þessi bóluefni geta valdið grundvallarbreytingum á ónæmiskerfinu.“

<https://unityprojectonline.com/webinar/podcast-covid-19-and-vaccine-observations-from-pediatric-specialists/>